



Skilmálar um greiðsluþjónustu - greiðsludreifing

Landsbankinn hf. | Nr. 1548-01 | Mars 2023

- Skilmálar þessir gilda milli Landsbankans hf., kt. 471008-0280, (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) annars vegar og viðskiptavinar og eftir atvikum tengds aðila hins vegar. Landsbankinn tekur að sér að annast f.h. viðskiptavinar, og ef við á tengds aðila, greiðslu krafna sem tilgreindar eru í greiðsluáætlun hverju sinni og dreifa greiðsluálagi þeirra jafnt á 12 mánaða tímabil. Landsbankinn áskilur sér rétt til að hafna kröfu í greiðsludreifingu ef krafan fellur ekki að skilyrðum greiðsludreifingar að mati bankans, svo sem ef fjárhæð kröfu er óviss eða mjög breytileg milli gjalddaga.
- Viðskiptavinur kemur fram fyrir hönd tengds aðila í samskiptum við bankann vegna greiðsludreifingarinnar og ber ábyrgð á að veita tengdum aðila allar nauðsynlegar upplýsingar um greiðsludreifinguna, þar með talið um stöðu greiðsluáætlunar á hverjum tíma. Viðskiptavinur ber auk þess ábyrgð á því að upplýsa bankann um allar breytingar á högum tengds aðila vegna greiðsludreifingarinnar, að greiðsluáætlunin sé ávallt rétt, sem og öllum öðrum atriðum í tengslum við greiðsludreifinguna.
- Stofnaður er þjónustureikningur á nafni viðskiptavinar en tilgangur með stofnun reikningsins er greiðsludreifing hjá Landsbankanum. Landsbankinn hefur einn ráðstöfunarrétt yfir þjónustureikningnum í samræmi við skilmála þessa og greiðsluáætlun á hverjum tíma. Viðskiptavinur getur fylgst með greiðsluáætlun og færslum á þjónustureikningi í netbanka.
- Landsbankanum er heimilt að millifæra af skuldfærslureikningum viðskiptavinar og tengds aðila yfir á þjónustureikning í samræmi við greiðsluáætlun á hverjum tíma. Viðskiptavinur og eftir atvikum tengdur aðili skuldbinda sig til að tryggja að ávallt verði næg innstæða á skuldfærslureikningunum. Landsbankanum er jafnframt heimilt að millifæri af þjónustureikningi til greiðslu á þeim kröfum sem bankinn hefur tekið að sér að greiða f.h. viðskiptavinar og eftir atvikum tengds aðila samkvæmt greiðsluáætlun.
- Landsbankinn veitir viðskiptavini fyrirgreiðslu í formi yfirdráttarheimildar á þjónustureikning til að mæta sveiflum í útgjöldum milli mánaða, í samræmi við greiðsluáætlun á hverjum tíma. Yfirdráttar- og innlánsvextir á þjónustureikningi eru í samræmi við vaxtaákvörðun bankans hverju sinni.
- Landsbankinn útbýr greiðsluáætlun þar sem tekið er mið af þeim kröfum sem viðskiptavinur hefur óskað eftir að bankinn greiði og reiknar út mánaðarlega greiðslubyrði vegna þeirra. Greiðsluáætlun hvers tímabils telst hluti af skilmálum þessum. Viðskiptavinur ber ábyrgð á að greiðsluáætlun sé rétt á hverjum tíma og að greiðslur af þjónustureikningi séu í samræmi við greiðsluáætlun og ber honum að tilkynna bankanum um hvers konar misbresti þar á.
- Landsbankinn skráir kröfur, sem samið er um að bankinn greiði, í beingreiðslur og sjálfvirkar skuldfærslur bjóði kröfuhafi upp á slíka þjónustu. Bjóði kröfuhafi ekki upp á slíka þjónustu skal viðskiptavinur sjá til þess að upphæðir krafna séu áætlaðar á réttum tíma svo hægt sé að greiða þær samkvæmt greiðsluáætlun. Berist bankanum ekki upplýsingar um kröfur fyrir gjalddaga þeirra er bankinn ekki ábyrgur fyrir greiðslu þeirra eða kostnaði sem af því kann að leiða að krafa greiðist ekki á réttum tíma.
- Greiðsluáætlun er endurskoðuð árlega eða þegar breytingar verða á högum viðskiptavinar og eftir atvikum tengds aðila sem kalla á breytta greiðsluáætlun. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að láta bankann vita af breytingum sem kunna að hafa áhrif á umsamda greiðsluáætlun. Landsbankinn áskilur sér rétt til að endurskoða greiðsluáætlun ef kröfur hækka umfram áætlun, ef ný krafa bætist við eða ef krafa fellur niður. Áður en kemur að árlegri endurskoðun greiðsluáætlunar er viðskiptavini send tilkynning um hana. Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir við endurskoðaða greiðsluáætlun innan tilskilins frests telst hann hafa samþykkt hana. Endurskoðuð greiðsluáætlun er birt viðskiptavini í netbanka. Greiðslur af skuldfærslureikningum taka breytingum í samræmi við endurskoðaða greiðsluáætlun. Sama gildir um breytingu á yfirdráttarheimild á þjónustureikningi, sbr. 5 tl. skilmála þessara.
- Verði vanefnd af hálfu viðskiptavinar og/eða tengds aðila, svo sem ef innstæða á skuldfærslureikningi viðskiptavinar og/eða tengds aðila er ekki næg til að millifæra nægilega háa fjárhæð á þjónustureikning, áskilur Landsbankinn sér rétt til að stöðva greiðslu allra krafna án sérstakrar viðvörunar. Við slíka vanefnd mun bankinn senda ítrekun til viðskiptavinar. Bankanum er heimilt að skuldfæra gjald vegna tilkynningar um ítrekun af þjónustureikningi. Tilkynning um ítrekun er send viðskiptavini með smáskilaboðum eða í netbanka. Skuld á þjónustureikningi verður að öðru leyti innheimt samkvæmt verklagsreglum bankans um innheimtu vanskilakrafna með tilheyrandi vöxtum og kostnaði.
- Komi upp ágreiningur vegna fjárhæðar greiddrar kröfu skal viðskiptavinur eða eftir atvikum tengdur aðili snúa sér beint til viðkomandi kröfuhafa.

11. Landsbankinn ber aðeins ábyrgð á því beina tjóni sem starfsmenn hans kunna að valda með stórkostlegu gáleysi eða ásetningi í tengslum við skilmála þessa en ekki afleiðdu tjóni sem verða kann af þeim sökum. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur og/eða tengdur aðili kunna að verða fyrir í tengslum við skilmála þessa ef rekja má tjónið til utanaðkomandi atvika, t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.fl. Þar á meðal ber bankinn ekki ábyrgð á því ef hann getur ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt skilmálum þessum af ofangreindum ástæðum.
12. Gjöld fyrir þjónustu samkvæmt skilmálum þessum eru samkvæmt gildandi verðskrá bankans á hverjum tíma. Viðskiptavinur heimilar Landsbankanum að skuldfæra gjöldin af þjónustureikningi, ásamt vöxtum af yfirdráttarskuld og öðrum kostnaði. Verðskrá bankans er birt á vef bankans, www.landsbankinn.is.
13. Landsbankinn hefur rétt til að breyta skilmálum þessum einhliða og án fyrirvara. Breytingar á skilmálunum eru tilkynntar viðskiptavini með skilaboðum í netbanka, eða með almennri tilkynningu á vefsvæði bankans eða með öðrum hætti sem bankinn ákveður. Viðskiptavinur og ef við á tengdur aðili verða bundnir við þær breytingar, nema viðskiptavinur tilkynni bankanum sannanlega um uppsögn þjónustunnar innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar um breytingar á skilmálum.
14. Þjónusta samkvæmt skilmálum þessum er uppsegjanleg af hálfu Landsbankans og viðskiptavinar með 30 daga fyrirvara. Ef um vanefndir er að ræða eða aðrar aðstæður sem lýst er í Almennum viðskiptaskilmálum Landsbankans er bankanum heimilt að segja þjónustunni upp fyrirvaralaust.
15. Við lok þjónustunnar áskilur Landsbankinn sér rétt til að eyða þjónustureikningi viðskiptavinar þegar lán í formi yfirdráttar á reikningnum hefur verið greitt upp. Sé innstæða á þjónustureikningi viðskiptavinar verður henni ráðstafað inn á skuldfærslureikning viðskiptavinar.
16. Rísi mál vegna skilmála þessara má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Komi upp ágreiningur milli viðskiptavinar og Landsbankans um framkvæmd þjónustunnar getur viðskiptavinur lagt fram kvörtun til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Úrskurðarnefndin er vistuð hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, www.seðlabanki.is.
17. Að öðru leyti en að framan greinir gilda Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans. Framangreinda skilmála má finna á vef bankans www.landsbankinn.is.
18. Í persónuverndarstefnu bankans kemur fram hvernig persónuupplýsingar eru notaðar af hálfu bankans. Persónuverndarstefna bankans er birt á vef bankans www.landsbankinn.is/personuvernd.